

## Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands í kjölfar brots háskólaráðs á stjórnsýslulögum við ákvörðun á skrásetningargjaldi

Stúdentaráð hefur um árabíl efast um að þær forsendur sem liggja að baki skrásetningargjaldinu í dag standist lög um opinbera háskóla. Í kjölfar meðferðar málsins innan háskólaráðs Háskóla Íslands (HÍ) hefur áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema nú komist að þeirri niðurstöðu að HÍ fór ekki rétt að við útreikninga á skrásetningargjaldi.

Úrskurðurinn staðfestir þann grun Stúdentaráðs um að gjaldið sé ekki eingöngu skrásetningargjald í fyllstu merkingu orðsins heldur sé það betur skilgreint sem skólagjöld. Skrásetningargjald í opinbera háskóla eru þjónustugjöld en þau má aðeins innheimta fyrir þá þjónustu sem hið opinbera raunverulega veitir þeim sem greiðir gjaldið og skal það gert á grundvelli skýrrar lagaheimildar. Samkvæmt niðurstöðu áfrýjunarnefndarinnar lagði háskólaráð ekki réttar forsendur til grundvallar gjaldinu og byggði þannig ekki á þeim kostnaði sem raunverulega hlýst af því að veita þjónustuna sem gjaldinu er ætlað að standa undir. Nefndin telur að háskólaráði hafi borið skylda til að afla nákvæmra upplýsinga og útreikninga sem liggja að baki kostnaðinum og með því að gera það ekki hafi ráðið ekki sinnt skyldum sínum skv. skráðum og óskráðum meginreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. einkum rannsóknarreglu 10. gr. laganna.

Skrásetningargjaldið felur í sér álögur á stúdenta og dregur jafnframt úr jöfnu aðgengi fólks að háskólamenntun. Skrásetningargjald við HÍ er 75.000 krónur óháð því hvaða þjónustu nemandinn raunverulega nýtir sér af þeim kostnaðarliðum sem að baki gjaldinu búa. Að mati Stúdentaráðs býður úrskurðurinn upp á stærri umræðu um gjaldið, t.a.m. hvernig það er áætlað, upphæð þess og hvaða þjónusta fellur undir það. Ef litið er til opinberra háskóla á Norðurlöndunum þá tíðkast almennt hvorki að innheimta skrásetningar- né skólagjöld<sup>1</sup>. Þá telur Stúdentaráð að Háskóli Íslands eigi ekki að þurfa að teygja sig í vasa stúdenta til viðbótar við fjárframlög ríkisins og að það sé á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að opinber háskólamenntun sé fjármögnuð sem skyldi. Stjórnvöld verða að standa við gefin loforð um stórsókn í menntun og gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi fjárveitinga til háskólastigsins til að tryggja samkeppnishæfni íslenskrar háskólamenntunar.

Stúdentaráð væntir þess að Háskóli Íslands endurskoði afstöðu sína gagnvart skrásetningargjaldinu með tilliti til úrskurðar áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema, með það að markmiði að lækka það eða afnema líkt og stúdentar hafa löngum talað fyrir<sup>2</sup>.

<sup>1</sup> Noregur er helsta undantekningin en þar greiða nemendur gjöld á bilinu 4.100 – 22.000 krónur, samkvæmt landssamtökum stúdenta í Noregi. Stúdentar við Háskóla Íslands greiða því 340% meira en í sambærilegum skólum í Noregi.

<sup>2</sup> Sjá t.a.m. herferð SHÍ 2021 - [Stúdentar eiga betra skilið](#)

**Aðdragandi úrskurðarins og nánar um afstöðu Stúdentaráðs:**

Tilfni kærunnar var sú að í kjölfar umfjöllunar Stúdentaráðs um skrásetningargjöld árið 2020, tók nemandi skólans undir þá afstöðu Stúdentaráðs um að skrásetningargjaldið standi ekki aðeins undir þeirri þjónustu sem nemandanum var veitt og heimilt var að rukka hann fyrir lögum samkvæmt. Nánar tiltekið taldi nemandinn að 75.000 króna gjaldið sem nemandinn greiddi til skólans á grundvelli reglna um gjaldskrá Háskóla Íslands nr. 244/2014, stæðist ekki 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar nr. 244/2014 sundurliða að skrásetningargjaldið skuli standa að hluta undir kostnaðarliðum sem heyra undir kennslu og teljast til almenns rekstur skólans, svo sem vegna próftöku, skipulag kennslu og prófa, rekstur kennslusviðs og tölvuvera (Viðauki B í reglum nr. 244/2014). Nemandinn telur þessa kostnaðarliði falla undir kennslu sem lög tilgreina að gjaldið megi ekki standa undir.

Nemandinn krafði því háskólaráð Háskóla Íslands um endurgreiðslu fyrir þann hluta skrásetningargjaldsins sem hann taldi að lög heimili ekki að skólinn rukki fyrir og þá þjónustu sem nemandinn nýtti sér ekki sjálfur. Háskólaráð hafnaði kröfu háskólanemans<sup>3</sup> og rökstuddi þá afstöðu með því að sundurliðun fjárhæða kostnaðarliða sem búi að baki skrásetningargjaldinu séu áætlaðar út frá raunútgjöldum ársins 2015. Niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar var sú að þessi framkvæmd uppfyllti ekki þær skyldur sem hvíla á háskólaráði samkvæmt skráðum og óskráðum meginreglum stjórnslulaga nr. 37/1993. Í niðurstöðu nefndarinnar felst einnig að háskólaráð gat ekki metið með fullnægjandi hætti hvaða kostnaðarliðir gjaldsins nemandinn gæti átt rétt á að fá endurgreitt. Þannig felur niðurstaða nefndarinnar í sér að háskólaráði hefði borið að rannsaka með fullnægjandi hætti í hvað skrásetningargjaldið renni í raun og veru til þess að meta hvort nemandinn fengi þá þjónustu sem hann var að greiða fyrir. Jafnframt hefði háskólanum borið að leggja þær forsendur til grundvallar áður en gjaldið er innheimt ár hvert. Ströng skilyrði eru á hinu opinbera að veita í raun þá þjónustu sem það rukkar fyrir, en úrskurðurinn sýnir fram á að HÍ hefur ekki gengið úr skugga um að það sé raunin.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Rebekka Karlsdóttir

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

<sup>3</sup> [Fundargerð háskólaráðsfundar 7. október 2021](#)